

SAMANTEKT ÚR EDUCATION AT A GLANCE 2015

Skýrsla OECD um menntatölfræði

Mats- og greiningarsvið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið


24. nóvember 2015

Innihald


A. Menntunarstig.....	3
B. Útgjöld til menntamála	6
Útgjöld vegna starfsnáms	9
Áhrif alþjóðlegu efnahagskreppunnar 2008.....	10
C. Aðgengi og aðsókn að menntun.....	12
Innritunarhlutfall í háskólanám	13
Fjöldi háskólanema við nám erlendis.	14
D. Skipulag skólastarfs.....	15

A. Menntunarstig

Menntunarstig íslensku þjóðarinnar hefur verið að hækka eins og tölur OECD hafa borið með sér undanfarin ár. Hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið neinu prófi eftir grunnskóla hefur farið minnkandi, var 32% árið 2005 en var komið niður í 27% árið 2014.¹ Á meðan hefur hlutfall háskólamenntaðra farið jafnt og þétt hækkanandi og var komið upp í 37% árið 2014. Hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi en enga gráðu umfram það hefur farið heldur minnkandi og var orðið 36% árið 2014. Árið 2014 var meðaltal OECD fyrir grunnskólamenntaða 24%, fyrir framhaldsskólamenntaða 43% og fyrir háskólamenntaða 34%.



Ef litið er á dreifingu framhaldsskólamenntaðra eftir aldursflokkum þá virðist sem að framhaldsskólamenntuðum hafi ekki farið fjölgandi, sem hlutfall af mannfjölda. Á aldursbilinu 25-34 ára höfðu 74% lokið framhaldsskólamenntun sem var álíka stórt hlutfall og meðal aldursflokksins 45-54 ára.² Ef skoðað er meðaltal OECD þá er hlutfallið hæst fyrir yngsta aldursflokkinn og var orðið 83% árið 2014. Í þessu sambandi má þó hafa það í huga að á Íslandi ljúk tiltölulega stór hópur framhaldsskólaprófi seinna á ævinni þannig að hlutfallið í eldri aldurshópum hækkar einnig með tímanum.




¹ Tafla A1.4a

² Tafla A1.2a

Mynd A5.3 sýnir atvinnuþátttöku þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi (en ekki háskólaprófi) og eru á aldrinum 25-64 ára. Ljósbláa súlan sýnir meðaltal allra og er hærri en hjá öðrum lönd. Blái tígullinn er hlutfall atvinnuþátttöku þeirra sem hafa lokið prófi í starfsnámi eða iðnnámi, sem er um tíu prósentustigum hærra en hjá þeim sem hafa lokið stúdentsprófi án þess að ljúka háskólanámi. Atvinnuþátttaka framhaldsskólamenntaðra er meiri en hjá nokkru öðru landi innan OECD. Á myndinni má sjá hvernig hún skiptist eftir því hvort lokið er stúdentsprófi eða starfsnámi. Hjá þeim sem hafa lokið prófi í starfsnámi eða iðnnámi er hlutfallið 90% og með stúdentspróf er hlutfallið 79%. Í flest öllum löndum er atvinnuþátttaka þeirra sem hafa lokið starfsnámi hærra.


Chart A5.3. Employment rates among adults whose highest level of education is upper secondary or post-secondary non-tertiary, by programme orientation (2014)
25-64 year-olds



Hlutfall háskólmenntaðra hefur farið vaxandi og í yngri aldersflokkum er hlutfallið hærra. Að vísu verður að taka með í reikninginn að íslenskir háskólanemar ljúka háskólanámi tiltölulega seint á ævinni að meðaltali. Hlutfall þeirra sem hafa lokið BA gráðu er hæst meðal aldurshópsins 25-34 ára, eða 25,7% en er 14,5% í aldurshópnum 55-64 ára.³ Aftur á móti er hlutfall þeirra sem hafa lokið MA gráðu hæst meðal aldurshópsins 35-44 ára, eða tæplega 15%. Meðaltal OECD landa fyrir BA gráðu í aldurshópnum 25-34 ára er 21%.


³ Tafla A1.3a

Hlutfall af mannfjölda á Íslandi sem hefur lokið háskólagráðu eftir prófgráðum og aldursflokkum 2014



Fleiri konur en karlar hafa lokið háskólanámi í flestum OECD löndum í aldursflokknum 25-34 ára. Á Íslandi er hlutfall kvenna og hlutfall karla nálægt meðaltali OECD. Fyrir karla er hlutfallið 34% (meðaltal OECD 36%) og hlutfall kvenna er 47% (meðaltal OECD 46%). Hlutfall kvenna er 13 prósentustigum hærra í þessum aldursflokki.


Chart A10.1. Percentage of 25-34 year-olds who have attained tertiary education, by gender (2014)



Þegar Ísland er borið saman við önnur Norðurlönd í þessum aldurshópi þá er hlutfall karla svipað og í Danmörku og Finnlandi. Í Svíþjóð og Noregi er hlutfall karla 42%.⁴ Hlutfall kvenna er lægst á Íslandi af Norðurlöndunum en hæst í Noregi 58%. Munurinn milli kynjanna er hæst í Finnlandi 17% en lægst í Svíþjóð og Íslandi.

⁴ Tafla A1.3b

Hlutfall karla og kvenna 25-34 ára sem hafa lokið háskólaprófi 2014 á Norðurlöndum




B. Útgjöld til menntamála

Á Íslandi hafa heildarútgjöld til menntamála mæld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) verið með því hæsta sem þekktist innan OECD á undanförunum árum. Árið 2012 var hlutfall útgjalda grunn-, framhalds- og háskóla af VLF 6,4% og meðaltal OECD var 5,3% (leikskólastiginu er sleppt í þessum samanburði). Aftur á móti trónir Ísland ekki lengur á toppnum á þessum mælikvarða. Sex lönd eru með herra hlutfall, þ.m.t. Noregur sem hefur hæsta hlutfall Norðurlanda 6,5% (tölur vantar fyrir Danmörku en þar var hlutfallið hæst við síðustu mælingu). Á Norðurlöndunum er hlutfallið lægst í Svíþjóð 5,4%.

Chart B2.1. Expenditure on primary to tertiary education institutions as a percentage of GDP (2012)

From public and private sources, including undistributed programmes



Grunnskólinn er kostnaðarsamasta skólastigið enda flestir nemendur á því skólastigi. Á Íslandi voru útgjöld vegna grunnskóla 3,3% af VLF en í Noregi var hlutfallið 3,1% (meðaltal OECD 2,5%).

Þegar skoðaður er kostnaður eftir skólastigum þá er yfirleitt miðað við útgjöld á hvern ársnema (nemanda í fullu námi). Á Íslandi voru útgjöld á hvern nemanda í grunnskóla hærri en að meðaltali innan OECD. Aftur á móti voru útgjöld lægri fyrir bæði framhalds- og háskólastigið í samanburði við meðaltalið. Útgjöld á hvern ársnema í framhaldsskóla á Íslandi voru lægri en á hinum Norðurlöndunum og 24% lægri en meðaltal OECD.


Heildarútgjöld til grunn-, framhalds- og háskólastigsins á hvern ársnema 2012 í USD

Lönd	Grunnskóli 1. - 7. bekkur	Grunnskóli 8. -10. bekkur	Framhaldsskóli	Háskóli	Alls
Ísland	10.003	10.706	7.541	9.377	37.627
Danmörk	10.953	11.460	9.959	-	(32.371)
Noregur	7.069	8.644	10.262	20.016	45.991
Svíþjóð	10.312	10.966	11.329	22.534	55.141
Finnland	8.316	12.909	8.599	17.863	47.688
OECD	8.247	9.627	9.876	15.028	42.778

EAG 2015,
Tafla B1.1a

Á háskólastigi voru útgjöld á hvern ársnema talsvert lægri en meðaltal OECD (-38%) árið 2012. Á næstu mynd (B1.2) er sýndur samanburður á útgjöldum á hvern ársnema á háskólastigi. Löndum er raðað frá vinstri eftir útgjöldum til grunnskóla (hæst til vinstri og lægst til hægri). Á myndinni sést að útgjöld á Íslandi eru undir meðaltali OECD og mun lægri en hjá öðrum löndum sem einnig eru með mikil útgjöld vegna grunnskóla.

Mynd B1.2 Árleg útgjöld á hvern ársnema á háskólastigi 2012




Samanburður á háskólastigi er háð ýmis konar óvissu þótt reynt sé eftir fremsta megni að gera tölurnar samanburðarhæfar. Einn þáttur sem getur haft áhrif er umfang útgjalda vegna rannsókna og þróunar (R&D). Ísland gefur ekki upp hversu stór hluti af útgjöldum til háskólastigsins er vegna kostnaðar við R&D og vísbendingar eru um að sá kostnaður sé að einhverju leyti vantallinn. Á Norðurlöndunum er þessi útgjaldaliður mjög fyrirferðamikill eins og sjá má á eftirfarandi töflu.

Sundurliðun útgjalda á háskólastigi á hvern ársnemanda 2012 í USD

Lönd	Kjarnastarfsemi	Styrkir og önnur þjónusta	Rannsóknir og þróun	Alls
Ísland	-	-	-	9.377
Noregur	11.824	186	8.006	20.016
Svíþjóð	10.589	-	11.946	22.534
Finnland	10.728	-	7.136	17.863
Holland	12.505	-	6.771	19.276
OECD	9.782	706	4.846	15.028

EAG 2015, B1.2

Innan OECD eru R&P útgjöld um þriðjungur af heildarútgjöldum á bak við hvern ársnema. Í Svíþjóð er hlutfallið yfir 50% og í Noregi og Finnlandi um 40%. Í heildarútgjöldum til íslenskra háskóla er R&P innifalið í tölunum en ef aðeins er litið til útgjalda vegna kjarnastarfsemi þá er samanburðurinn ekki eins sláandi. Það vekur upp spurningar um hversu stór hluti R&P er af útgjöldum háskóla.

Sundurliðun útgjalda á háskólastigi á hvern ársnemanda 2012 í USD

Á þessu ári hóf Hagstofa Íslands að birta upplýsingar um útgjöld til R&P, m.a. útgjöld háskólastofnana. Í frétt frá Hagstofunni⁵ kemur fram að útgjöld til R&P árið 2014 í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku hafi verið talsvert hærra en víða annars staðar innan OECD.⁶ Samkvæmt þeirri könnun voru útgjöld vegna R&P í íslenskum háskólum sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2014 sambærileg við R&P útgjöld í hollenskum háskólum. Taflan sýnir að um 35% af heildarútgjöldum háskóla í Hollandi eru vegna R&P. Að svo komnu máli er ekki hægt að draga neinar ályktanir um hversu hátt hlutfall R&P er af heildarútgjöldum íslenskra háskólastofnana.⁷

⁵ Á vef Hagstofu Íslands birt 20. 11. 2015.

⁶ Leitast er við að samræma upplýsingar um R&P í ólíkum könnunum en það er ekki hægt að útiloka að það sé misræmi á milli þeirra.

⁷ Tölur um framlög til háskóla hafa verið til skoðunar hjá Hagstofu og innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sú athugun hefur leitt í ljós að nokkrir þættir hafa verið vanáætlaðir, m.a. útgjöld vegna rannsóknarstofnana sem tilheyra eða eru í tengslum við háskólastofnanir sem og útgjöld vegna R&P.

Útgjöld vegna starfsnáms

Útgjöld á hvern ársnema í starfsnámi á Íslandi eru talsvert hærri en útgjöld á hvern nemanda í bóknámi, eins og eftirfarandi tafla ber með sér. Starfsnámið er þriðjungji herra en meðalkostnaður á hvern ársnema á framhaldsskólastigi. Í Svíþjóð er kostnaðurinn um 15% hærri en meðalkostnaður og í Þýskalandi og Hollandi um 8% til 9%. Hinn hlutfallslega hái kostnaður starfsnáms á Íslandi í samanburði við bóknám kann að skýrast af því að íslenskir framhaldsskólar bjóða upp á margar námsbrautir í starfsnámi sem eru kostnaðarsamar og í sumum skólum eru tiltölulega fáir nemendur á hverri braut. Meðalkostnaður á hvern ársnema í starfsnámi á Íslandi er hærri en í Finnlandi, Bretlandi og að meðaltali innan OECD.


**Útgjöld vegna bóknáms og starfsnáms á framhaldsskólastigi
2012 (USD)**

Lönd	Bóknám	Starfsnám	Meðalkostnaður
Ísland	6.484	10.174	7.648
Svíþjóð	9.219	12.625	10.944
Finnland	7.628	8.978	8.599
Þýskaland	10.433	13.073	12.009
Holland	10.211	13.357	12.366
Bretland	11.951	6.665	9.963
OECD	8.698	9.025	9.704

EAG 2015, Tafla B1.6

Taka verður tölum um meðalkostnað á hvern nemanda innan OECD með fyrirvara. Eins og sést á töflunni er meðalkostnaður á hvern nema hærri en meðalkostnaður bæði vegna bóknáms og starfsnáms. Skýringin á því er sú að þar er um að ræða meðaltal af meðalkostnaði landanna. Meðalkostnaður hvers lands liggur einhvers staðar á bilinu á milli meðalkostnaðar bóknáms og starfsnáms, eftir því hver hlutfallslegur fjöldi ársnema er á hverri námsleið. Flokkun nemenda á námsleiðir, bóknám og starfsnám, getur verið einhverri óvissu háð, en fylgt er alþjóðlegum staðli sem er aðlagður fyrir hvert land.⁸

**Samanburður á útgjöldum vegna bóknáms og verknáms á
framhaldsskólastigi eftir löndum 2012**




⁸ Hagstofa Íslands hefur gefið út slíkan staðal fyrir Ísland, Ísnám 2008

Áhrif alþjóðlegu efnahagskreppunnar 2008


OECD hefur reynt að varpa ljósi á hvernig skólakerfinu hefur reitt af eftir bankahrunið 2008 og efnahagskreppuna í kjölfar þess. Ísland er meðal þeirra landa þar sem áhrifin á afkomu skólanna var hvað mest. Útgjöld á hvern ársnema á grunn- og framhaldsstigi drógust saman um 9,23% frá árinu 2008, fjöldi nemenda dróst saman um rúmleg 1%, sem þýðir að útgjöld á hvern ársnema á þessum skólastigum dróst saman um 8% á þessu tímabili.⁹ Myndin sýnir þó að útgjöld hafa verið að aukast frá árinu 2010 en eiga nokkuð í land með að ná því marki sem þau voru árið 2008.

Útgjöld á hvern ársnema á grunn- og framhaldsskólastigi frá 2008 á föstu verðlagi



Myndin hér að neðan úr EAG 2015 (bls. 216) sýnir hlutfallslegar breytingar á fjölda nemenda, útgjalda vegna háskólastofnana og útgjalda á hvern ársnemanda. Miðað er við stöðuna árið 2008 á föstu verðlagi ársins 2012. Bláa súlan sýnir breytingu á útgjöldum og ljósgráa súlan sýnir breytingu á útgjöldum á hvern ársnemanda. Svarti tígullinn sýnir breytinguna á útgjöldum á hvern ársnemanda. Ísland er þriðja land frá hægri á myndinni. Útgjöld drógust saman um 8,6%, ársnemendum fjölgaði um 10% og útgjöldum á hvern ársnemanda drógust saman um 16%.


Mynd B1.5 Breyting á fjölda nemenda, útgjöldum háskólastofnana og útgjalda á hvern háskólanema á háskólastigi miðað við 2008 á verðlagi 2012



⁹ Tafla B1.5a

Næsta mynd sýnir þróunina á Íslandi aðeins betur. Útgjöld til háskólastigsins drógust saman frá 2008 til 2012 og voru orðin 14% lægri. Á móti kemur að nemendum fjölgaði, m.a. vegna slæms atvinnuástands. Þetta þýðir að útgjöld á hvern ársnema drógust saman um fimmtung frá 2008 til 2011. Tölur fyrir árið 2012 gefa vísbendingu um að þá hafi orðið viðsnúningur. Útgjöldin jukust á ný, nemendum fækkað um eitt prósentustig þannig að útgjöld á hvern ársnemenda jukust milli ára. Aðeins í örfáum löndum drógust útgjöld á hvern ársnemenda saman á tímabilinu eins og sést á myndinni hér að ofan. Í skýrslunni fyrir ári síðan var Ísland í neðsta sæti lengst til hægri á myndinni, en nú bregður svo við að önnur lönd eru farin að sýna meiri samdrátt en Ísland. Það bendir til að efnahagserfiðleikarnir hafi komið fyrr fram hér á landi og Ísland var farið að ná sér upp úr dýfunni árið 2012 á sama tíma og efnahagskreppan var farin að hafa meiri áhrif í öðrum löndum, eins og Írlandi, Spáni og Portúgal.


Þróun útgjalda á hvern ársnema á háskólastigi frá 2008 á föstu verðlagi



C. Aðgengi og aðsókn að menntun

Afdrif ungs fólks í menntakerfinu og á vinnumarkaði er mikið áhyggjuefni víða um heim. Innan OECD landa er 18% ungs fólks á aldrinum 20-24 ára hvorki í skóla né í vinnu (*NEET* er skammstöfun sem hefur verið notuð um ungt fólk sem er hvorki í skóla né vinnu, *Not in Employment, Education or Training*). Á Íslandi er ástandið mjög gott í samanburði við önnur lönd innan OECD eins og sjá má á eftirfarandi mynd. Aðeins í Lúxembúrg eru lægra hlutfall fólks í þessum aldurshópi utan skóla og vinnu.

Chart C5.1. NEET population among 20-24 year-olds, by gender (2014)



Note: NEET refer to young people neither in employment nor in education or training

Íslensk ungmenni vinna gjarnan með námi. Ákveðinn menningarmunur er á milli landa að þessu leyti. Sums staðar bíða ungmenni eftir því að útskrifast áður en þau leita starfa á vinnumarkaði, í öðrum byrja ungmenni að vinna tiltölulega ung. Einnig er mjög misjafnt hversu margar vinnustundir ungt fólk vinnur með námi.

Hlutfall ungs fólks 15-19 ára sem vinnur með námi eftir fjölda vikulegra vinnustunda 2014

Lönd	1-9 klst	10-19 klst	20-34 klst	35+ klst	Í vinnu	Ekki á vinnumarkaði
Ísland	14,8	12,4	8,8	9,3	45,3	32,8
Danmörk	23,3	9,5	1,4	4,2	38,5	54,2
Noregur	13,2	5,2	2,1	0,6	21,1	61,7
Svíþjóð	7,1	2,4	1,1		11,1	78,1
Finnland	6,9	2,5	1,8	1,1	12,5	77,4
OECD	6,0	3,7	2,9	3,6	17,1	70,2

Tafla
C5.4a

Í töflunni má sjá samanburð á ungu fólki á aldrinum 15 – 19 ára sem er í námi eftir því hversu margar stundir það vinnur í hverri viku. Á Íslandi er mun algengara að ungmenni vinni á þessum aldri með skóla, en 45% eru á vinnumarkaði á þessum aldri samanborið við 17% innan OECD. Á Norðurlöndum


kemur Danmörk næst með 38% en hlutfallið á hinum Norðurlöndunum er lægra. Íslensk ungmenni vinna líka fleiri stundir á hverri viku en 9% vinna meira en 35 klst sem samsvarar fullri vinnuviku.

Innritunarhlutfall í háskólanám

Á Íslandi er mikil sókn í háskólanám. Sá kvarði sem OECD notar til að mæla eftirsókn í háskólanám er innritunarhlutfall, sem er hlutfall af mannfjölda sem innritast í fyrsta sinn í háskólanám.¹⁰

Innritunarhlutfallið á Íslandi er 86%. Þá eru einnig meðtaldir erlendir nemendur sem eru skráðir í nám við íslenska háskóla. Ef aðeins eru taldir íslenskir nemendur þá var hlutfallið 70% árið 2013. Þeir sem innritast í íslenska háskóla eru á öllum aldri en hlutfall þeirra sem eru yngri en 25 ára er 49%, sem er mjög svipað hlutfall og að meðaltali innan OECD. Á myndinni má sjá samanburð milli landa þar sem bláa súlan er innritunarhlutfall allra, í hvítu súlunni hafa erlendir háskólanemar verið dregnir frá og gráa súlan sýnir hlutfallið fyrir aldurshópinn yngri en 25 ára. Innritunarhlutfallið bæði í Svíþjóð og Finnlandi er lægra fyrir yngri aldurshópinn, 41% í Finnlandi og 40% í Svíþjóð. Tölur vantar fyrir Noreg en í Danmörku er hlutfallið 56%.


Chart C3.1. First-time tertiary entry rates (2013)



Aftur á móti er hlutfall þeirra sem eru yngri 25 ára sem hlutfall af heildarfjölda nýnema 69% á Íslandi, sem er lægsta hlutfallið á Norðurlöndunum (meðaltal OECD 82%). Næsta mynd sýnir hversu stór hluti nýnema er yngri en 25 ára (bláa súlan) og hversu stór hluti þeirra sem innritast í doktorsnám er yngri en 30 ára. Hlutfallið er það lægsta innan OECD (Kólombía er ekki aðildarland OECD) en meðaltalshlutfallið er 61%. Á Norðurlöndunum er hlutfallið hæst í Danmörku 61% (tölur vantar fyrir Noreg).

¹⁰ Nýnemar eru aldursgreindir og fundið út hversu stórt hlutfall nýnema eru af sínu aldursári. Hlutföll fyrir öll aldursár eru lögð saman. Innritunarhlutfallið er summa allra hlutfalla fyrir hvert aldursár.

Chart C3.3. Percentage of entrants below typical age (2013)




Fjöldi háskólanema við nám erlendis.

Samkvæmt tölum OECD stundaði 2.851 íslenskur háskólanemi nám við háskóla erlendis árið 2013, sem samsvaraði 12% allra íslenskra háskólanema það ár. Þrír af hverjum fjórum voru við nám í löndum Evrópusambandsins. Danmörk var vinsælasti áfangastaðurinn en 1.187 eða 41,6% voru við nám í Danmörku og 368 eða 13% í Bandaríkjunum. Í löndum OECD stunduðu rúmlega 4 milljónir erlendir háskólanemar nám. Langflestir komu frá Asíu eða 2.2 milljónir nema. Alls voru rúmlega 900 þúsund háskólanemar sem tilheyra ríkjum OECD sem stunduðu nám í öðru OECD ríki. Á Íslandi stunduðu 977 erlendir háskólanemar nám árið 2013 sem komu frá öðru OECD landi.

D. Skipulag skólastarfs

Á Íslandi er sá tími sem nemendur verja í kennslustofunni samtals á 10 ára skólaskyldu sambærilegur við meðaltals kennslumagn innan OECD. Það sem gerir þennan samanburð erfiðan er að skólaskylda í löndunum er misjafnlega löng. Í sumum löndum, eins og Svíþjóð og Finnlandi, er 6 ára bekkur ekki talinn með. Í öðrum löndum lýkur skólaskyldu einu ári fyrr, eins og í Belgíu, Sviss og Austurríki. Í samanburðinum er miðað við klukkustundir (ekki kennslustundir) og samanlagður kennslutími á Íslandi er 7.616 klukkustundir. Meðaltal OECD er 7.570 klukkustundir.

Chart D1.1. Compulsory instruction time in general education (2015)
In primary and lower secondary education



Skipting kennslutíma milli námsgreina er misjöfn eftir löndum. Í mynd D1.2 er löndum raða eftir því hversu stórt hlutfall móðurmálskennsla er af heildarkennslutíma í 1. – 8. bekk. Á Íslandi er hlutfallið 20%. Stærðfræðikennsla er 16% af heildarkennslutíma. Til samanburðar þá er móðurmálskennsla í Danmörku 23% og stærðfræði 13%. Norðmenn eyða hlutfallslega mestum tíma í þessar greinar, en móðurmálskennsla er 26% og stærðfræði 17%.

Chart D1.2a. Instruction time per subject in primary education (2015)
As a percentage of total compulsory instruction time

